
Akraneshöfn, endurbætur á aðalhafnargarði

Ákvörðun um matsskyldu

1 INNGANGUR

Þann 29. júní 2018 barst Skipulagsstofnun tilkynning frá Faxaflóahöfnum um fyrirhugaðar endurbætur á aðalhafnargarði Akraneshafnar, Akranesbæ samkvæmt 6. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum, sbr. lið 10.11 og 13.02 í 1. viðauka laganna.

Skipulagsstofnun leitaði umsagna Akranesbæjar, Hvalfjarðarsveitar, Heilbrigðiseftirlits Vesturlands, Minjastofnun Íslands, Umhverfisstofnun og Vegagerðarinnar.

2 GÖGN LÖGÐ FRAM

Tilkynning til Skipulagsstofnunar: Akraneshöfn – endurbætur á aðalhafnargarði. Mat á umhverfisáhrifum. Fyrirspurn um matsskyldu. Mannvit, júní 2018.

Umsagnir um tilkynninguna bárust frá:

- Akranesbæ með bréfi dags. 30. ágúst 2018.
- Hvalfjarðarsveit með bréfi dags. 16. ágúst 2018.
- Heilbrigðiseftirliti Vesturlands með bréfi dags. 19. júlí 2018.
- Minjastofnun Íslands með bréfi dags. 19. júlí 2018.
- Umhverfisstofnun með bréfi dags. 13. júlí 2018.
- Vegagerð ríkisins með bréfi dags. 17. júlí 2018.

Frekari upplýsingar bárust frá framkvæmdaraðila með tölvupósti dags. 19. ágúst, 17. og 19. september 2018.

3 FYRIRHUGUÐ FRAMKVÆMD

Fram kemur í gögnum framkvæmdaraðila að Faxaflóahafnir fyrirhuga að stækka aðalhafnargarð Akraneshafnar. Framkvæmdin felst í því að byggja nýjan hafnarbakka. Núverandi viðlega verði lengd. Snúningssvæði verði dýpkað innan hafnar. Snúningssvæði utan hafnarmynnis verði einnig dýpkað. Þá verði brimvarnargarður lengdur.

Nýr hafnarbakki

Fram kemur í gögnum framkvæmdaraðila að fyrirhugað sé að endurbyggja núverandi hafnarkant á 120 m kafla og í framhaldinu lengja hann um 100 m. Samanlögð lengd hafnarkants verði því 220 m. Núverandi hafnarkantur sé kominn til ára sinna og er nauðsynlegt að endurbyggja hann til þess að tryggja öryggi notenda og bæta aðstöðu stærri skipa. Stálþilið verði lengt og garður verði reistur um 20 m aftan við þil þar sem krani geti staðið á meðan stálþil sé rekið niður. Efnið í garðinn geti verið fyllingarefni úr opinni námu á landi, nothæfu fyllingarefni úr dýpkun eða úr opnum námum í sjó. Við austurenda stálþilsins, þvert á hafnarkantinn, verði grjótvörn til þess að loka stálþilinu og verja úrskolon úr landfyllingu. Við lengingu stálþilskantsins um 100 m myndist um 5.700 m² svæði aftan við sem fylla þarf upp með fyllingarefni.



Dýpkun á snúningssvæðum

Fram kemur að dýpka þurfi tvö snúningssvæði niður í 10 m dýpi til þess að bæta aðgengi stórra skipa að höfninni. Snúningssvæðið innan hafnar sé að mestu í réttri hæð eftir dýpkun sem unnið var að árið 2004. Hluta af svæðinu þurfi að dýpka um 1-3 m. Miðað við fyrri dýpkun megi vænta þess að fyrirhuguð dýpkun á þessu svæði sé að miklu leyti í klöpp og því þurfi að notast við fleyg eða sprengingar til þess að ná efninu.

Stærra dýpkunarsvæðið sé 180 m í þvermál, utan hafnarmynnis. Árið 2013 var hluti af snúningssvæðinu dýpkað, en fyrirhugað sé að dýpka það svæði enn frekar eða um 1-3 m. Líklega þurfi að grafa dýpkunarefnið upp.

Magn dýpkunarefnis er áætlað um 50.000 m³. Nothæft dýpkunarefni frá báðum svæðunum verði notað í landfyllingarsvæði aftan við fyrirhugað stálþil, en efni sem talið sé ónothæft sem fyllingarefni verði varpað á þekkta losunarstaði sunnan hafnar. Losunarstaðirnir séu staðsettir innan skilgreinds hafnarsvæðis Akraneshafnar.

Lenging brimvarnar

Þá kemur fram að fyrirhugað sé að lengja brimvarnargarð um 60 m út frá núverandi hafnargarði. Grjót sem þurfi í lenginguna sé gróflega áætlað um 90.000 m³, að meðtalinni fyllingu undir garðinn.

Efnistaka

Í greinargerð kemur fram að efni í fyllingarsvæðið muni koma að mestu leyti úr dýpkunarframkvæmdum við snúningssvæðin tvö, úr námum á hafi sem hafi starfsleyfi og úr opnum námum á landi. Burðarlag fyllingar verði að öllum líkindum tekið úr námu á landi, en náma við Kirkjuból sé um 11 km frá framkvæmdarsvæði. Heildarefnisþörf sé um 155.000 m³. Magn fyllingarefnis í landfyllingu sé áætlað um 64.000 m³. Mögulega sé einnig hægt að nýta steypubrot í landfyllingu sem falli til við rif á Sementsreitnum. Efni í grjótvörn komi úr innanverðum núverandi garði sem fari undir landfyllingu. Reiknað sé með að um 70% af grjóti í núverandi garði sé nothæft í fyrirhugaðan garð. Efni í brimvörn, allt að 75.000 m³, verði sótt í grjótnámur þar sem unnt verði að vinna stórgrýti úr dílabasalti. Námurnar sem komi til greina séu vestursvæði Grundartangahafnar eða Kirkjubólslána við munna Hvalfjarðarganga. Aðrar námur sem mögulega verði nýttar vegna framkvæmdanna séu Galtarvík og Ytri-Hólmur. Líklega verði dælt efni úr opnum námum í sjó til nota í fyllingar.

Efnisflutningar

Í greinargerð kemur fram að ekki liggi fyrir hvort eða að hversu miklu leyti efni verði flutt með vörubílum eftir þjóðvegum annars vegar og sjóleiðis hins vegar. Að loknu útboði skýrist það hvaða tækjum verktaki hyggist beita, hvaða aðstöðusköpun fylgi mismunandi flutningsmáta og hvaða vinnulag hann velji svo fremi að ekki séu í útboðsgögnum settar skorður. Þá skýrist hvort heppilegast sé t.d. að koma við sjóflutningi efnis í stað aksturs þess á vegum. Reikna megi með að megin hluti alls fyllingarefnis sem útvega þurfi vegna bakkagerðar verði grús úr sjó. Efnið verði þá sótt með dæluskipum sjóleiðina og landað á byggingarstað. Verði megnið af efni í grjótgarð fengið úr svæði á Grundartanga eins og stefnt sé að þá sé mögulegt að flytja það sjóleiðina. Ef svo er þá yrði efnið flutt í pramma sem tæki á bilinu 350 - 400 m³ í hverri ferð. Miðað við um 64.000 m³ efnistöku á Grundartanga gætu þessar ferðir verið í heildina 160 - 200 ferðir. Verði 12.000 m³ af grjóti fengin úr námu við Kirkjuból má reikna með að hægt verði að flytja um 10 -15 m³ á bíl í hverri ferð eftir því hvaða gerðir af flutningstækjum yrðu valdar. Þannig yrði alls um 1.000 ferðir að ræða sem dreifist yfir áætlaðan verktíma. Verði öllu grjóti ekið frá efnistökusvæðum þá megi reikna með að heildar fjöldi ferða verði um 6.000 ferðir sem dreifast yfir áætlaðan verktíma sem yrði um tvö til þrjú ár.



4 UMHVERFISÁHRIF

Lífríki

Fram kemur að hafnarframkvæmdirnar verði á svæði sem hafi verið raskað með framkvæmdum bæði með gerð brim- og hafnargarða sem og dýpkunum. Því hafi ekki verið talin ástæða til að ráðast í sérstaka rannsókn á lífríki vegna fyrirhugaðra framkvæmda.

Menningarminjar

Í umsögn Minjastofnunar Íslands kemur fram að ekki séu líkur á því að fornleifar sé að finna í höfninni þar sem framkvæmdasvæðinu þar hafi verið raskað áður. Hins vegar verði grjót sótt í námur á landi. Fjórar námur séu nefndar til efnistöku. Stofnunin bendir á að ef efnistaka á landi vegna fyrirhugaðra framkvæmda kalli á stækkun þeirra efnistökusvæða sem nefnd eru í skýrslu Faxaflóahafna þá sé nauðsynlegt að fornleifafræðingur verði fenginn til að kanna hvort efnistakan hafi áhrif á fornleifar.

Í svörum Faxaflóahafna kemur fram að stefnt sé að því að allt kjarnaefni og stórgrýti (úr grjótflokki III) verði fengið úr námu í landi Klafastaða við Grundartanga. Fornleifar á því svæði hafi verið skráðar og mældar upp. Endanleg ákvörðun um efnistökusvæði verði ekki ljós fyrir en við gerð útboðsgagna og þegar útboðsferli ljúki. Faxaflóahafnir muni hafa ábendingar Minjastofnunar til hliðsjónar við gerð útboðsgagna.

5 SKIPULAG OG LEYFI

Áður en framkvæmdaleyfi verður veitt þarf að liggja fyrir staðfest breyting á Aðalskipulagi Akraness 2005-2017. Jafnframt þarf að breyta deiliskipulagi Akraneshafnar.

Skipulagsstofnun vekur athygli á að framkvæmdin er háð framkvæmdaleyfi Akraneskaupstaðar samkvæmt 13.-15. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og reglugerð um framkvæmdaleyfi.

Framkvæmdin er háð leyfi Umhverfisstofnunar fyrir varpi í hafið í samræmi við 9. gr. laga nr. 33/2004 um varnir gegn mengun hafs og stranda.

6 NIÐURSTAÐA

Um er að ræða endurbætur á aðalhafnargarði Akraneshafnar. Framkvæmdin er tilkynningarskyld til ákvörðunar um matsskyldu samkvæmt 6. gr. og lið 10.11 og 13.02 í 1. viðauka í lögum um mat á umhverfisáhrifum.

Eðli og staðsetning framkvæmdar og eiginleikar hugsanlegra áhrifa

Við mat á því hvort tilkynningarskyld framkvæmd skuli háð umhverfismati skal einkum taka mið af eðli hennar, meðal annars umfangi og ónæði, sbr. 1. tl. 2. viðauka laga nr. 106/2000. Jafnframt ber að taka mið af hversu viðkvæm þau svæði eru sem líklegt er að framkvæmd hafi áhrif á, meðal annars vegna fornleifa, sbr. 2. tl. 2. viðauka laganna. Þá ber að taka mið af eiginleikum hugsanlegra áhrifa framkvæmdar, meðal annars með tilliti til stærðar og fjölbreytileika áhrifa, tímalengdar, tíðni og afturkræfni áhrifa, sbr. 3. tl. 2. viðauka laganna.

Fyrirhugaðar framkvæmdir eru ekki miklar að umfangi. Framkvæmdir við Akraneshöfn fara alfarið fram á svæði sem áður hefur verið raskað vegna framkvæmda. Framkvæmdirnar fara ekki fram á verndarsvæði og öll efnistaka verður úr opnum námum. Búast má við að efnisflutningar á landi muni hafa nokkurt ónæði í för með sér en umfang þeirra liggur ekki fyrir að öllu leyti þar sem ekki er fullljóst hversu mikið efni verður flutt sjóleiðis og hversu mikið með vörubílum á landi. Hins vegar ber að hafa í huga að áformað er að framkvæmdatíminn dreifist á tvö til þrjú ár. Ónæði vegna



framkvæmda er því ekki líklegt til að teljast umtalsvert. Minjastofnun Íslands hefur bent á nauðsyn þess að fornleifafræðingur verði fenginn til að kanna hvort stækkun efnistökusvæða hafi áhrif á fornleifar. Skipulagsstofnun telur nauðsynlegt að í útboðsgögnum komi fram að vettvangsathugun fornleifafræðings sé nauðsynleg ef stækka þarf efnistökusvæði þar sem minjar hafa ekki verið skráðar. Gangi það eftir og verði niðurstaðan sú að stækkun efnistökusvæða muni ekki hafa í för með sér neikvæð áhrif á fornleifar telur Skipulagsstofnun að eðli, staðsetning og eiginleikar fyrirhugaðra framkvæmda gefi ekki tilefni til að meta umhverfisáhrif þeirra.

Ákvörðunarorð

Á grundvelli fyrirbyggjandi gagna og að teknu tilliti til viðmiða í 2. viðauka við lög um mat á umhverfisáhrifum er það niðurstaða Skipulagsstofnunar að endurbætur á aðalhafnargarði Akraneshafnar, séu ekki líklegar til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og skuli ekki háðar mati á umhverfisáhrifum.

Samkvæmt 14. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum má kæra ákvörðunina til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála. Kærufrestur er til 29. október 2018.

Reykjavík, 26. september 2018


Jakob Gunnarsson


Egill Þórarinnsson